

Straumlind ehf.  
Eiðistorg 13-15  
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 29. október 2021  
Tilvísun: OS 2021030044  
Verknúmer: 4353410

**Efni: Krafa um leiðréttingu á ákvörðun um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara fyrir tímabilið 1. nóvember 2021 til 30. apríl 2022.**

Þann 1. október síðastliðinn birti Orkustofnun stjórnvaldsákvörðun, sem tekin var á grundvelli 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og -mælingar, um val á söluaðila til þrautavara fyrir tímabilið 1. nóvember 2021- 30. apríl 2022. Valið sölufyrirtæki raforku til þrautavara<sup>1</sup> var fyrirtækið Íslensk Orkumiðlun ehf. Valið byggðist á innsendum upplýsingum sölufyrirtækja raforku um birt verð mánuð fyrir mánuð frá mars til ágúst 2021, í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar um hvernig velja skuli söluaðila til þrautavara.

Þann 4. október sl. óskaði Straumlind ehf. eftir gögnunum sem lágu til grundvallar stjórnvaldsákvörðun Orkustofnunar um val á söluaðila til þrautavara og fékk fyrirtækið gögnin afhent samdægurs.

Með bréfi dags. 5. október 2021 krafðist Straumlind ehf. þess að val Orkustofnunar á söluaðila raforku til þrautavara fyrir tímabilið 1. nóvember 2021 til 30. apríl 2022 yrði leiðrétt. Krafa fyrirtækisins byggðist á því að birt verð hjá Íslenskri Orkumiðlun ehf. hefði í marsmánuði aldrei farið niður fyrir kr. 6,7/kWh á meðan fyrirtækið gaf Orkustofnun þær upplýsingar að birta verðið hefði verið kr. 6,66/kWh í mánuðinum. Straumlind ehf. reiknaði einnig út meðalverðið samkvæmt útreikningi sem fyrirtækið telur að eigi að beita við valið og fékk þannig út að birt meðalverð Straumlindar ehf. hefði verið kr. 6,5/kWh á meðan birt meðalverð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. hefði verið kr. 6,5017 til heimila á tímabilinu 1. mars – 31. ágúst 2021. Með bréfi Straumlindar fylgdu fimm fylgiskjöl og þar af eitt Excel-skjal með heitið „Raforka\_ verðbreytingar – Aurbjörg“. Í skjalinu eru raktar verðbreytingar Straumlindar ehf. og Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. frá 1. mars 2021 til 28. ágúst 2021.

***Sjónarmið Íslenskrar Orkumiðlunar ehf.***

Orkustofnun skrifaði Íslenskri Orkumiðlun ehf. bréf þann 8. október 2021 og óskaði eftir því að fyrirtækið staðfesti áður uppgefnar upplýsingar um raforkuverð sem sendar voru Orkustofnun vegna vals á sölufyrirtæki raforku til þrautavara. Ástæðan var meðal annars sú að fyrirtækið Straumlind ehf. hefði sent inn upplýsingar um að uppgefin verð í marsmánuði af hálfu Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. hefðu ekki verið rétt fyrir marsmánuð 2021. Í erindi Orkustofnunar var enn fremur vakin athygli á því að í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik Einnig var í erindi stofnunarinnar vakin athygli á að leiðbeiningar stofnunarinnar um val á söluaðila frá 15. maí 2020 gera ráð fyrir að sölufyrirtæki raforku gefi upplýsingar um heildarkostnað við

<sup>1</sup> Sölufyrirtæki raforku er notað jöfnum höndum og söluaðili.

raforkunotkun sem skal reiknaður út frá sex mánaða meðalkostnaði á birtu raforkuverði til heimila.

BBA/Fjeldco svaraði Orkustofnun f.h. Íslenskrar Orkumiðlunar með bréfi dags. 15. október 2021. Í svarinu er lýst að Íslensk orkumiðlun hefði *lækkað verð úr 6,70 kr./kWh í 6,66 kr. kWh þann 31. mars 2021 en staðreyndin er sú að þessi verðbreyting var ekki birt fyrr en þann 5. apríl 2021*. Af þessum sökum er upplýst að innsendar upplýsingar um birt verð Íslenskrar orkumiðlunar ehf. fyrir marsmánuð voru rangar. Enn fremur er því lýst að uppgefin verð Straumlindar ehf. hefðu af sömu ástæðu ekki verið rétt, eins og þau voru send Orkustofnun á sínum tíma. Með bréfinu fylgdu tvö fylgiskjöl. Annað fylgiskjalanna lýsir samskiptum Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. við Two Birds ehf. sem rekur vefinn aurbjörg.is. Í því kemur fram yfirlit yfir tilkynntar verðbreytingar hjá Straumlind ehf. og Íslenskri Orkumiðlun ehf. frá 1. janúar 2021 til 28. ágúst 2021, frá Two Birds ehf. Hitt fylgiskjalið er Excel-skjal með yfirliti og útreikningi á birtu meðalverði Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. og Straumlindar ehf. á tímabilinu 1. mars 2021 til 31. ágúst 2021. Niðurstaða Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. er að birt meðalverð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. er kr. 6,519/kWh og að birt meðalverð Straumlindar ehf. er kr. 6,532/kWh á tímabilinu 1. mars 2021 til 31. ágúst 2021.

### ***Sjónarmið Straumlindar ehf.***

Með bréfi dagsettu 20. október 2021 sendi Orkustofnun Straumlind ehf. útreikninga Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. á birtu meðalverði fyrirtækjanna fyrir tímabilið 1. mars 2021 til 31. ágúst 2021. Orkustofnun óskaði eftir því að Straumlind ehf. færi yfir útreikninga Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. og kæmi athugasemdum við útreikningana á framfæri við Orkustofnun. Straumlind ehf. svaraði þessari ósk með bréfi tveimur dögum síðar eða þann 22. október sl. Í bréfi Straumlindar ehf. er staðhæft að upplýsingarnar sem birtar eru í Excel-skjali, sem Íslensk Orkumiðlun ehf. sendi til Orkustofnunar með svari sínu og sýnir yfirlit yfir verðbreytingar á tímabilinu 1. janúar 2021 til 28. ágúst 2021, geti leynst villur enda sé yfirlitið „handgert“.

Nánar rekur Straumlind ehf. rekur í bréfi sínu verðbreytingar sem fyrirtækin Straumlind ehf. og Íslensk Orkumiðlunar ehf. gerðu um mánaðarmótin maí – júní 2021. Fram kemur í skjalinu að Straumlind ehf. breytti raforkuverði hjá sér þann 1. júní 2021 með afturvirkum hætti þannig að birt var nýtt verð þann dag sem gildi frá 1. maí. Í bréfi Straumlindar ehf. kemur fram sú afstaða fyrirtækisins að það telji sig vita til þess að raforkuverð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. á vefsíðunni aurbjörg.is, hafi verið birt kr. 6,47/kWh að morgni 1. júní sl., sem og þann 31. maí, en í Excel skjali frá fyrirtækinu Two Bird ehf. kemur fram að verð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. hafi verið kr. 6,46/kWh þann 31. maí, þrátt fyrir að Íslensk Orkumiðlun ehf. hafi ekki breytt verðinu fyrr en síðla dags á heimasíðu sinni þann 1. júní.

Straumlind ehf. rekur einnig í bréfinu hvernig fyrirtækið telji að reikna eigi birt meðalverð við val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara. Í máli fyrirtækisins er rakið að ítrekuðum ábendingum hafi verið beint til Orkustofnunar um afturvirkar verðbreytingar á markaði og spurningar settar fram um hvernig ætti að reikna út meðalverð vegna vals á söluaðila til þrautavara sem sumum hafi ekki verið svarað af hálfu Orkustofnunar. Í bréfi Straumlindar ehf. er þó vitnað til svars Orkustofnunar frá 16. apríl um hvernig beri að reikna birt meðalverð og af því dregin sú ályktun að leggja eigi saman dagleg birt verð og deila með dagfjölda mánaðar til að finna meðalverð mánaðarins en Straumlind ehf. lýsir sig ósammála þeirri túlkun. Í framhaldi af þessu er það svo skýrt að Straumlind ehf. hafi sent inn lokaverð lokadags hvers mánaðar fyrir val á sölufyrirtæki

raforku til þrautavara. Straumlind ehf. rekur svo sjónarmið sín um að skv. 5. mgr. 7. gr. eigi Orkustofnun að taka mið af lægsta meðalverði til ákveðins tíma, eins og það innheimt af viðskiptavinum fyrirtækjanna, enda þurfi að vera samræmi á milli þess verðs raforkusali birtir og þess sem hann innheimtir. Því er það ályktun og krafa Straumlindar ehf. að Orkustofnun eigi ekki að taka til greina birt verð frá sölufyrirtækjum raforku sem ekki innheimta verð fyrir raforku í samræmi við birt verð af viðskiptavinum sínum við stjórnvalsákvörðun eins og val á söluaðila til þrautavara.

Straumlind ehf. gerir athugasemdir við útreikninga Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. það er um að reiknað sé út meðalverð raforku út frá daglega verði á henni þar sem það sé eina leið fyrirtækisins til að verða valið söluaðili til þrautavara. Meðfylgjandi vísar Straumlind á eigin útreikninga á meðalverði raforku, sem er reiknað er út frá innheimtu söluverði á henni og fyrirtækið telur að Orkustofnun eigi að nota til að byggja ákvörðun um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara.

### *Niðurstaða*

Í 24. gr. stjórnarsýslulaga er mælt fyrir um almennan rétt aðila máls til að fá stjórnarsýslumál tekið til nýrrar meðferðar. Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, annars vegar ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða hins vegar á röngum upplýsingum um málsatvik eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að 24. gr. stjórnarsýslulaga segir: „hér verður því að vera um að ræða upplýsingar sem byggt var á við ákvörðun málsins en ekki rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem mjög litla þýðingu höfðu við úrlausn þess“.

Af greinargerð og orðalagi töluliðarins leiðir enn fremur að um þarf að vera að ræða upplýsingar sem byggt var á við töku ákvörðunar í málinu, þ.e. upplýsingar um atvik máls sem voru til staðar þegar stjórnvaldið tók ákvörðun í málinu og að upplýsingarnar hafi verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Að mati Orkustofnunar hafa komið fram tvö álitafni við val stofnunarinnar á söluaðila til þrautavara, sem í reynd fjalla um að ákvörðunin hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Af þeim sökum ber að meta hvort að ákvörðun um val á söluaðila til þrautavara þurfi að taka til meðferðar á ný. Annars vegar er komin fram ábending um að stofnunin hafi ekki fylgt fullnægjandi aðferðarfræði/viðmiði við val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara og hins vegar er komin fram ábending um að gögnin sem liggja til grundvallar ákvörðuninni hafi verið röng.

### *Viðmið um val á söluaðila til þrautavara*

Í 5. mgr. 7 gr. reglugerðar nr. 1050/2019 um raforkuviðskipti og -mælingar kemur fram að Orkustofnun skal setja leiðbeinandi reglur um val á söluaðila til þrautavara sem m.a. skal taka mið af lægsta meðalverði til ákveðins tíma með „nánari útfærslu“.

Í leiðbeiningum Orkustofnunar um val á söluaðila til þrautavara, sem gefnar voru út 15. maí 2020, kemur fram í fyrsta tölulið kafla um val á söluaðila til þrautavara að valið skuli það sölufyrirtæki sem hafi lægstan heildarkostnað við ætlaða raforkunotkun heimila en heildarkostnaður „er reiknaður út frá sex mánaða meðalkostnaði á birtu raforkuverði til heimila, miðað við 4.500 kwh raforkunotkun á ári“.

Straumlind ehf. sendi Orkustofnun fyrirspurn í tölvupósti þann 5. mars 2021 um hvernig beri að fara með útreikning á meðalverði innan mánaðar við útreikning á meðalverði raforku þegar gögnum er skilað inn til Orkustofnunar vegna vals á sölufyrirtæki raforku til þrautavara. Orkustofnun svaraði fyrirtækinu með tölvupósti þann 16. apríl síðastliðinn og benti á að leiðbeiningar um valið væru í kynningar- og umsagnarferli hjá hagsmunaaðilum. Enn fremur kemur fram í svarinu að „samkvæmt orðanna hljóðan gildir hið birta verð eins og það er birt á hverjum tíma í hverjum mánuði. Það þýðir að ef verðið 5 kr. í hálfan mánuð og 10 krónur í hálfan mánuð er birta verðið meðaltalið eða 7,5“ og að Orkustofnun vilji „ekki fara þá leið að notast við rukkuð verð, enda geta slíkar slíkar upplýsingar falið í sér viðkvæmar upplýsingar sem kunna að raska samkeppni fyrirtækjanna. Af þeim sökum sé miðað við birt verð á heimasíðum sölufyrirtækjanna“. Straumlind svarar þessum pósti samdægurs og staðfestir að þetta viðmið sé á „hreinu“.

Í umsögn Straumlindar ehf. um leiðbeiningar um val á söluaðila til þrautavara fjallaði fyrirtækið um tíðar verðbreytingar á raforkumarkaði og viðmiðið um val á söluaðila til þrautavara sem fjallar um útreikning á meðalverði raforku eins og það var skýrt af Orkustofnunar í svari til fyrirtækisins þann 16. apríl. Í umsögn fyrirtækisins kemur fram að fyrirtækið hyggist „í sjálfu sér ekki fara út í hvort félagið sé sammála skýringunni, en Straumlind ehf. benti á að þessi aðferð krefjist þess að sölufyrirtæki haldi til haga verðinu hjá sér fyrir hvern dag og leggi svo saman daglegt verð og deili með fjölda daga í mánuði þegar það skilar inn meðalverði síðastliðinna sex mánaða til Orkustofnunar í tengslum við val á söluaðila til þrautavara“.

Að mati Orkustofnunar var stofnuninni falið með reglugerð 1050/2019 um raforkuviðskipti og -mælingar að útfæra leiðbeiningar um val á söluaðila til þrautavara að því gefnu að stuðst væri við lágsta meðalverð til ákveðins tíma með vísan í 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Í munnlegum og skriflegum samskiptum við sölufyrirtæki raforku hefur komið skýrt fram að meginmarkmið með vali á söluaðila til þrautavara sé Orkustofnun að tryggja notendum raforku, sem ekki hafa sinnt þeirri skyldu sinni að velja raforkusala. Að mati stofnunarinnar ber henni að gera það með þeim aðferðum sem hafa sem minnst áhrif á markaðsaðila og með meðalhóf í huga.

Rök Orkustofnunar fyrir því að miða val á söluaðila raforku til þrautavara við birt raforkuverð sölufyrirtækja á raforku frá einum tíma til annars, en ekki greidd verð, eru þrjú. Í fyrsta lagi eru upplýsingar um greidd meðalverð hjá hverju og einu sölufyrirtæki raforku viðskipta- og samkeppnisupplýsingar. Ef að Orkustofnun myndi birta slíkar upplýsingar, sem eðlilegt væri að gera ef þær væru notaðar til að velja söluaðila til þrautavara, þýddi það í reynd að Orkustofnun væri að útvega keppinautum á markaði viðskipta- og samkeppnisupplýsingar sem er hvorki markmið í sjálfu sér við val á söluaðila raforku til þrautavara né hlutverk Orkustofnunar yfirleitt. Í öðru lagi gæti verið kostnaðarsamt að staðreyna rukkað orkuverð í viðskiptum á markaði og gagnsæið við val á söluaðila til þrautavara væri minna en ella þar sem sölufyrirtæki raforku gætu ekki sannreynt rukkað meðalverð hjá keppinautum sínum vegna valsins. Í þriðja lagi er markmið leiðbeininga um val á söluaðila raforku til þrautavara ekki að stýra verði til neytenda sem ekki velja sér sölufyrirtæki raforku. Það er því í eðli máls falið og í takt við meðalhóf að notast aðeins við opinberlega birt verð sölufyrirtækjanna frá degi til dags þegar söluaðili raforku til þrautavara er valinn. Enn fremur er rétt að áréttta að þessi aðferð, að miða meðalverð við val á söluaðila til þrautavara er í algjöru samræmi við leiðbeiningarnar um valið sem fyrir liggja og þær skýringar sem Orkustofnun gaf Straumlind ehf. um efnið og

fyrirtækið staðfesti réttan skilning á þegar það spurðist nánar fyrir um hvernig bæri að reikna út birt verð fyrir val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara.

Af framangreindu leiðir að Orkustofnun telur sig hafa beitt réttu viðmiði við val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara, þrátt fyrir ábendingu Straumlindar ehf. um að Orkustofnun hafi tekið ákvörðunina á grundvelli ófullnægjandi eða rangra upplýsinga um hvert hið rétta viðmið eigi að vera. Þannig telur Orkustofnun, að þótt sjónarmið Straumlindar ehf. um viðmið fyrir val á söluaðila til þrautavara og hvernig beri að reikna meðalverð við valið hefðu komið fram áður en ákvörðunin um valið var tekin, hefði það ekki í reynd haft verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins. Orkustofnun hefði ekki komist að annarri niðurstöðu um hvernig beri að reikna meðalverðið og þar með tekið aðra stjórnvaldsákvörðun um val á söluaðila raforku til þrautavara en tekin var þann 1. október sl. Af þeirri ástæðu er Orkustofnun því ekki skylt að verða við beiðni Straumlindar ehf. um endurupptöku ákvörðunar um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara sem tekin var þann 1. október 2021, með vísan til 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga.

#### *Gögn um birt verð á raforku við val á söluaðila til þrautavara*

Við mat á því hvort skilyrði sé til staðar fyrir stjórnvald til endurupptöku á stjórnvaldsákvörðun, þarf að liggja ljóst fyrir að hinar nýju upplýsingar, þ.e hinar réttu eða leiðréttu upplýsingar, hefðu haft verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins á þann veg að ef þær hefðu legið fyrir í upphafi málsins hefði stjórnvald komist að annarri niðurstöðu og þar með tekið aðra stjórnvaldsákvörðun en tekin var. Orkustofnun ber því skylda til að rannsaka hvort hinar nýju upplýsingar gætu leitt til þess að stofnunin hefði komist að annarri niðurstöðu og þar með tekið aðra stjórnvaldsákvörðun en tekin var við val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara.

Við yfirferð á gögnum um birt verð Straumlindar ehf. og Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. við val á söluaðila til þrautavara komu fram ákveðnar villur sem fyrirtækin hafa nú bent á og leiðrétt.

Straumlind gerði efnislega athugasemdir við að birt verð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. hefði ekki verið rétt í einn dag samkvæmt Excel – yfirliti Two Birds ehf. yfir birt verð og breytingar á þeim sem Íslensk Orkumiðlun ehf. lagði fram með bréfi sínu þann 15. október 2021. Að mati Straumlindar ehf. var birt raforkuverð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. þann 31. maí sl. enn kr. 6,47/kWh en ekki kr. 6,46/kWh eins og tilgreint er í yfirliti Two Birds ehf. Þannig staðhæfir Straumlind ehf. að verðbreyting Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. hefði tekið gildi degi síðar en Two Birds ehf. birtir í sínu yfirliti. Að öðru leyti gerði Straumlind ehf. ekki athugasemdir við yfirlit Two Birds ehf. á birtu raforkuverði fyrirtækjanna Straumlind ehf. og Íslenskrar Orkumiðlunar ehf.

Orkustofnun fékk staðfestingu frá Two Birds ehf. með tölvupósti þann 29. október, um að Excel – yfirliti Two Birds ehf., sem Íslensk Orkumiðlun ehf. lagði fram, hafi verið rétt.

Eftir ítarlega yfirferð Orkustofnunar á gögnum um breytingar á birtu söluverði raforku hefur komið í ljós að þótt birt raforkuverð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. þann 31. maí sl. væri kr. 6,47/kWh, breytir það ekki niðurstöðunni um að birt meðalverð Íslenskrar Orkumiðlunar ehf. er kr. 6,519 og að birt meðalverð Straumlindar ehf. sé kr. 6,532 á tímabilinu 1. mars 2021 til 31. ágúst 2021.

Af framangreindu leiðir að hinar nýju leiðréttu upplýsingar um birt meðalverð á raforku hjá fyrirtækjunum Straumlind ehf. og Íslenskrari Orkumiðlun ehf., hafa í reynd ekki verulega

þýðingu fyrir úrlausn málsins á þann veg að ef þær hefðu legið fyrir í upphafi hefði stofnunin komist að annarri niðurstöðu og þar með tekið aðra stjórnvaldsákvörðun um val á söluaðila raforku til þrautavara en tekin var þann 1. október sl. Af þeirri ástæðu er Orkustofnun því ekki skylt að verða við beiðni Straumlindar ehf. um endurupptöku ákvörðunar um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara sem tekin var þann 1. október 2021, með vísan til 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnssýslulaga.

### Ákvörðunarorð

Orkustofnun hafnar kröfu Straumlindar ehf. um endurupptöku á ákvörðun stofnunarinnar dags. 1. október 2021 um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara og stendur hún því óbreytt.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða verkefni er lúta ekki að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa skv. 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

  
Guðmundur I Bergþórsson

F.h. Orkustofnunar

  
Hanna Björg Konráðsdóttir

*Afrit sent til: Íslenskrar Orkumiðlunar ehf.*